

Vorþing Kvennalistans 29.-30. 5. 1992

Fundargerð fyrsti hluti (f.h. á laugardeginum):

Fundarstjóri: Salóme B. Guðmundsdóttir.

Ritari: Helga Hreinsdóttir.

Ingibjörg Sólrun Gísladóttir hafði framsögu um EES-samninginn. Punktar hennar fylgja hér með.

Umræður:

Spurt var um útleiðir úr EES eftir að inn er komið. ISG svaraði því til að í EES væri 12 mánaða úrsagnarfrestur, en ekki væri auðvelt að ganga út, einkum og sér í lagi þar sem lagasafn EB/EES væri þá orðið viðkomandi þjóðar.

Rætt um kostnað við þátttöku í EES og innihald Maastricht samkomulagsins.

Jóna Valgerður o.fl. ræddu um upphafið að sameiningu Evrópu. Þetta væri tilraun til að tryggja frið í Evrópu, stórfyrirtæki sæju sér hag í einingunni. Einnig ríkir viss ótti við USA og þriðja heims ríki, þannig að verið sé að búa til Evrópumúr.

Rætt var um mun á þjóðernishyggju og þjóðrembu, varað við að setja samasemmerki þar á milli.

Anna Kristín benti á að þar sem þjóðarsálin leiti alltaf einfaldrar lausna þurfi Kvennalistinn að vinna undirbúningsvinnu og leita annarra markaða fyrir okkar útflutningsvörur. Anna Kristín varpaði einnig fram þeirri aths. að innan Kvennalistans væru tveir straumar í þessum Emálum og spurði hvort unnt væri að samþætta þá.

Magdalena Schram benti á að með inngöngu í EES eigi sér stað rýrnun á lýðræðinu, þ.e. möguleiki fólks til að ráða eigin lífi minnki. Skoða þurfi einstakar atvinnugreinar og áhrif inngöngu í EES á þær. Þetta sé líka góð leið til að komast að fólkini.

Kristín Karlssdóttir lýsti reynslu sinni af að skoða áhrif samninga á fóstrustéttina. Pappírar væru fagrir og ekki hægt að setja út á þá, en henni er til efs að hugur fylgi mál, hvað þá framkvæmdir.

Jóna Valgerður sagði frá fundi með fiskifræðingum sem telja markaði fyrir hingað til vannýtta fiskistofna liggja utan Evrópu, mest í Asíu.

Þórhildur þakkaði ISG gott erindi, en þó einkum fyrir að benda á nauðsyn þess að færa rök fyrir ákvörðunum sínum. Sum rök séu gildari en önnur en að ótti við tilfinningaleg rök sé e.t.v. of mikill. Hún mælir með því að við leitum kvennapólítiskra raka. Leitum hins smáa og heimfærum rökin upp á fólkis. Sér kvennapólítisk rök séu t.d. að vara við miðstýringu og að í EES umræðunni sé gott tækifæri til að koma slíkum rökum á framfæri. Hún telur sértækan kvennapólítískan málflutning varpa ljósi á málín - líka fyrir aðra.

Anna Ól. Bj. Tekur undir orð Þórhildar um mikilvægi kvennapólítískrar umræðu og bendir á hvernig ýmis félagsleg mállefni séu látin sitja á hakanum.

Kristín Sig. bendir á að við getum alltaf opnað okkar markaði fyrir öðrum, hvort sem við séum í EES eða ekki, en að okkur vanti markaði. Þeirra markaða sé vánlegast að leita utan Evrópu, en að við getum hækkað staðla og aukið gæði án inngöngu í EES/EB.

Salóme biður Önnu Kristínu að skýra nánar hvað hún hafi átt við með hópunum tveim innan Kvennalistans.

Anna Kristín segir annan hópinn vilja hafna aðild að EES strax og án mikilla umræðna en hinn hópurinn vilji skoða alla valkosti frekar og leita raka annarra en tilfinningalegra gegn aðild.

Hér urðu talsverðar umræður um hvort klofningur væri innan Kvennalistans eða hvort áherslumunur væri hjá einstaklingum innan listans. Lokaniðurstaðan varð að mati ritara sú að ekki sé slæmt að innan Kvennalistans sé blæbrigðamunur á skoðunum fyrst við komumst að sömu meginniðurstöðu. Konur voru sammála um að nota þurfi tímann í sumar vel til að undirbúa málflutning á þingi í haust. Þá þurfum við að tala einum rómi. Einnig var rætt um félagafrelsi einstaklinga innan Kvennalistans, vegna þess að Kristín Einarsdóttir sem málsvari Samstöðu er einnig oft talsmaður Kvennalistans. Margar konur tóku til máls í þessari frjóu umræðu.

Varðandi summarvinnu í E-málunum lagði ISG til að hópur hittist á fimmtudögum að Laugarvegi 17. Þá myndu liggja fyrir gögn frá fundum utanríkismálanefndar sem unnt væri að vinna úr. Einnig var bent á að í þinghléi í lok september gætu þingkonur lagt land undir fót og kynnt okkar stefnu. Í lokin var ákveðið að starfskonur Kvennalistans gerðu ákveðna tillögu um skipan vinnu í E-málunum í sumar. Þeirri tillögu átti að skila að morgni sunnudags. (En vegna tímaskorts varð ekki af því).

Ritari:

Helga Hreinsdóttir,



Fundargerð frá vorþingi Kvennalistans 1992.

Hvernig getum við gert Kvennalistann að virkara stjórnmálaaflí?
Tillögur og vangaveltur.

Fundarstjóri: Kristín Karlsdóttir
Fundarritari: Berta E. Tulinius

Framsögur fluttu: Nína Helgadóttir
Drífa Hrönn Kristjánsdóttir
Anna Kristín Olafsdóttir

Nína Helgadóttir:

Ræddi um að kvennalistinn yrði sýnilegra stjórnmálaaflí. Slagorð okkar um að onur vilji vera þar sem ráðum sé ráðið, á ekki einungis við úti í þjóðféluginu, heldur líka innan Kvennalistans. Konur vilja hafa meiri áhrif á stefnu listans í hinum ýmsu málum.

Hún varpaði fram nokkrum spurningum:

1. Hvaða ugum lítum við á Kvennalistann
2. Getur Kyl. bæði verið hin opinbera Kvennahreyfing á Íslandi og stjórnmálaflokkur?
3. Hver fer hið pólitiska starf fram innan Kvennalistans?
4. Hvar eru ákvarðanir teknar um pólitík?
5. Hvar vilja landsbyggðarkonur vera?
6. Hafa konur sem ekki hafa starfað innan kvennalistans til þessa möguleika á að tengjast starfinu og þá hvernig?
7. Á að halda kvennabaráttunni áfram á sömu braut og verið hefur síðastliðin 10 ár eða á að leita nýrra leiða?
8. Er hægt að tala um virka grásrót innan kvennalistans?

Síðan ræddi hún um innra starf listans og m.a. hvort vorþing og Landsfundur væru nægur vettvangur til að taka ákvarðanir um þau mál sem þyrfti að ræða. Einnig kom fram í erindi hennar að samkvæmt rannsóknnum á grásrótarhreyfingum hafa þær ákveðinn líftíma og þarf að þróa hana áfram með ákveðnu millibili. Við stæðum frammi fyrir slikum breytingum núna.

Drífa Hrönn Kristjánsdóttir:

Ræddi um starfið eins og það er. Lýsti óvirkum félagsfundum sem gerðu það m.a. að verkum að erfitt væri að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Grasrótin væri óvirk og nýliðum sem hafa áhuga gengur illa að komast inn í starfið.

Kynnti hugmyndir um breytt hlutyerk framkvæmdaráðs. Það væri pólitiskara og skipað einum fullbrúa frá hverjum anga, ásamt starfskonum, fulltrúum þingfloks og fulltrúum hugmyndabankana. Framkvæmdaráðið hiltist einu sinni í mánuði og þar væri pólitískar ákvarðanir teknar. Það sem helst er neikvætt við þetta skipulag er að þarna væri um talsverða sambjöppun valds að ræða. Ráðið yrði að öllum líkindum svifaseint of þungvrikt. Það jákvæða væri að þarna væri auðvelt að sameina krafta kvenna. Hugmyndin með framkvæmdaráðinu væri að nýta betur krafta þeim kvenna sem hara mikla

reynslu og hafa starfað lengi hjá kvennalistanum. Einnig var rætt um að taka starfskonu af þingflokk og nýta krafta hennar betur í þágu okkar hinna.

Anna Kristín Ólafsdóttir:

Kom með tillögur sem eiga að efia grásrótina og er með því að brégðast við óánægju sem er ríkjandi varðandi starf kvenna í samtökunum. Hún sagði að bestra væri að fleiri konur tækju þátt í umræðunni en nú er og ákvarðanatakan deilist niður á fleiri. Vegna þess að erfilt væri að setja sig inn í flókin mál þyrfti að verða auðveldara að fá upplýsingar frá fróðum konum viðs vegar um landið. Hún ræddi um málefnaþópana sem starfað hefðu og taldi að helstu gallar þeimræði væru að þeir störfuðu of lengi í einu, þannig að konur sœu aldrei fyrir endann á setu sinni í þeim, þeir eru ósýnilegir, hafa lítil völd og þeir æltu erfitt með að nálgast upplýsingar.

Breytingatillögur hópsins felast m.a. í því að stofna hugmyndabanka sem myndu vinna í ákveðinn tíma að ákveðnum verkefnum og konur sem störfuðu í bónkunum yrðu talskonur kvennalistans í þeim málum sem tekist er á við hverju sinni. Til þess að auðvelda upplýsingaflæði væri hugsanlegt að setja upp tengslalista með nöfnum kvenna sem væru inní hinum og þessum málum.

Fyrirspurnir og umræður:

Líflegar umræður urðu að erindunum loknum. Þar kom helst fram að konur voru á því að stífara skipulag kvennalistans væri nauðsyn ef hann ætlaði að lifa af í hörðum heimi stjórnmálaanna. Konur fögnuðu þessari umræðu allri saman og vonuðust til að henni yrði áfram haldið í sumar, þannig að nýtt skipulag kvennalista gæti fæðst á landsfundi í haust.

VORFING KVENNALISTANS Á SEYÐISFIRÐI 29. - 30. MAÍ 1992

"FUNDARGERÐ" SUNNUDAGINN 31. MAÍ

BYGGÐAMÁL

1)

Erindi: **Átaksverkefni í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni**

Flytjandi: **Elísabet Benediktsdóttir, Reyðarfirði**

Afrit af erindinu fylgir, en ég tek saman helstu punkta úr fyrirspurnum.

Spurt hvað hafi falist í átaksverkefnunum hér á landi. Svar: Hér hefur verið unnið að átaksverkefnum í atvinnumálum sem byggja á leitarráðstefnuaðferðinni. Þá hittist hópur fólks úr byggðalaginu t.d. yfir helgi og kemur með hugmyndir að nýjum störfum í þjónustu og framleiðslu. Tekið dæmi frá Vík í Mýrdal, þar sem að unnið var áfram með hugmyndir um jöklaverfdir, minjagripagerð og fl.

Á Austurlandi var verkefnið Seyðisfjörður - Egilsstaðir í gangi í 2 ár og hittust sumir hópar reglulega í þann tíma til að útfæra sínar hugmyndir. Úr því verkefni komu fyrst 8 ársverk, en í dag eru 3-4 eftir. Sumar hugmyndir ekki gengið upp.

Spurt hvaðan peningar fengjust til að útfæra hugmyndir. Svar: Lán hafa fengist frá Byggðastofnun, smáiðnaðarsjóði bændasamtakanna, atvinnuþróunarsjóði, og sérstökum sjóði (15 milljónir) í umsjón félagsmálaráðuneytis, sem hugsaður er til að auka atvinnumöguleika kvenna á landsbyggðinni.

Elísabet sagði að konur hefðu verið virkar í þessum verkefnum, en það þyrfti að hafa nokkuð fyrir því að fá þær til að vera með í upphafi t.d. hringja í þær. Dæmi væri um að leikskóli hefði verið lengur opinn til að auðvelda konum þátttöku.

Fram kom í máli Elísabetar að hún er starfsmaður Byggðastofnunar og hefur verkefnum sem snerta atvinnumál kvenna verið beint til hennar.

2)

Erindi: **Samgöngur í dreifbýli**

Flytjandi: **Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**

Afrit af erindi fylgir.

3)

Erindi: **Samgöngur í dreifsbýli, sjónarmið heimakvenna**
Flytjandi: **Salóme B. Guðmundsdóttir, Eiðaþinghá**

Helstu atriði úr erindinu:

Byrjað á að vitna í stefnuskrá Kvennalistans í landsmálum 1991:

"Mikilvægt er að byggð haldist í landinu. Það verður best tryggt með því að efla byggðarkjarna og þjónustusvæði á landsbyggðinni svo að hægt verði að fullnægja menningarlegum og félagslegum þörfum íbúa nærliggjandi byggða. Byggja þarf upp öruggt samgöngu- og samskiptanet ásamt þjónustu í hverju byggðarlagi og sjá til þess að íbúar njóti stærri hlutar en þeir fá nú af þeim tekjum sem skapast á hverjum stað. Þannig verði tryggt að nauðsynleg þjónusta sé í boði, fólk geti valið sér bústað að vild, jöfnuður ríki og raunveruleg valddreifing komi í stað númerandi miðstýringar frá höfuðborginni."

Talað um að Austurland sé stórt kjördæmi þar sem mikið verk sé óunnið í samgöngumálum. Tekið dæmi úr kostnaðaráætlun við að ljúka lagningu bundins slitlags á hringveginn, þar sem fram kemur að kostnaður við veginn frá Akureyri til Hafnar í Hornafirði sé rúmur helmingur af 4,3 milljarða heildarkostnaði.

Fundið að því að á sama tíma tali samgönguráðherra um það sem fýsilegan kost að leggja jarðgöng undir Hvalfjörð, sem áætlað er að kosti með öllu álíka mikið og að ljúka við hringveginn. Fólk hafi þá val um að nota göngin og borga vegatoll eða keyra fyrir fjörðinn. Á sama tíma hafi Austfirðingar ekki völ á öðru en rykugum og holóttum aðalvegum og ófærri landleið til Akureyrar yfir mest allan veturinn.

Vitnað í skýrslu nefndar um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum þar sem segir: "Aukið sjálfsforraði og efling sveitarfélaganna er mjög mikilvægt byggðamál. Að mati nefndarinnar er stækkun og efling sveitarfélaganna ein raunhæfasta aðgerðin sem hægt er að grípa til í byggðamálum um þessar mundir. Þá er verið að tala um verulega stækkun. Miða má við að það svæði sem hægt er að sækja vinnu á fram og tilbaka sama daginn, þ.e. þjónustu- eða atvinnusvæði verði eitt sveitarfélag."

Í sömu skýrslu kemur fram að aðalvegakerfi landsins sé um 3600 km og í febrúar 1991 sé um 60% af því með bundnu slitlagi. Stór verkefni í jarðgangnagerð muni veita miklar samgöngubætur í framtíðinni og "rjúfa einangrun og skapa nýja möguleika til aukins samstarfs og margvíslegarar hagræðingar."

Vitnað í skýrslu nefndar um skiptingu landsins í sveitarfélög, þar sem segir að ef breytingar náist á skiptingu landsins í sveitarfélög sé nauðsynlegt að þjónustusvæði þeirra nái til sem flestra málaflokka. "Bættum samgöngum fylgir óhjákvæmilega stækkun þjónustusvæða og þar með stækkun sveitarfélaga. Heilstæð þjónustusvæði eru forsenda markvissrar stjórnunar hjá sveitarfélögum".

Á Austurlandi hafa farið fram umræður um sameiningu sveitarfélaga undanfarið. Í júlí verður kosið um sameiningu Búlands-, Berunes- og Geithellnahrepps og í haust um sameiningu Eiða- og Hjaltastaðarþinghár. Félagsmálaráðuneyti ekki sýnt síðartöldu

sameiningu mikinn áhuga, þar sem vonast er eftir stærri sameiningu sveitarfélaga á Fljótsdalshéraði.

Fyrir síðustu kosningar lýstu kvennalistakonur yfir að forgangsverkefni í samgöngumálum á Austurlandi væri tenging Vopnafjarðar við Fljótsdalshérað, helst með jarðgöngum sem kæmu til framkvæmda strax á eftir Vestfjarðargöngum (1995-1998). Eftir kosningar var afráðið að byggja upp veg um Hellisheiði sem yrði fær 6-9 mánuði á ári og lögð áhersla á uppbyggingu Norðfjarðarvegar. Í veturn lögðu 2 þingmenn Austurlands fram þingsályktunartillögu um könnun á gerð jarðgangna á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Forgangsröð virðist því eitthvað vera að breytast. Hugmyndir að jarðgöngum á Austfjörðum áður verið um tengingu Norðfjarðar við Seyðisfjörð og Eskifjörð og Seyðisfjörð við Fljótsdalshérað.

Tími kominn til að sameina umræður um sameiningu sveitarfélaga og jarðgangnagerð hér á Austurlandi.

4)

Erindi: Sveitarstjórnarmál

Flytjandi: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

Erindi fylgir og hér koma helstu atriði úr umræðum:

Á fulltrúaráðsfundi sveitarstjórnarmanna í nóvember 1991 voru flestir fylgjandi leið 2 um sameiningu, sem gerir ráð fyrir sameiningu allra sveitarfélaga innan héraðs eða sýslu. Sveitarfélög á landinu yrðu þá 25-30. Drífa sagði að jaðarsvæði væru nú frekar hlynnt minni sameiningu t.d. efri hluti Árnessýslu, þar sem samstarf væri nú þegar mikið á milli sveitarfélaga. Selfoss og næsta nágrenni frekar hlynnt stærri sameiningu. Jóna Valgerður sagði að hugmyndir væri um að gera tilraun með sameiningu sveitarfélaga í Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Smærri sveitarfélög og jaðarsvæði hrædd um að verða gleypit af þeim stóru. Konur þó almennt jákvæðari en karlar, þegar sameiningarmál eru rædd.

Rætt um hve hlutur kvenna væri lítill í sveitarstjórnnum og sumar héldu því fram að Kvennalistinn hefði lítið stutt konur til þeirra verka. Bent á að sveitarstjórnarmál hefðu verið til umræðu á landsfundi og konur hvattar til að bjóða sig fram en lítið gengið. Í augum margara kvenna virtist návigið óþægilegt, þ.e. að vera í "fremstu víglínu" í sínu litla sveitarfélagi. Annað viðhorf til starfa á Alþingi.

Einnig nefnt að fundartími í sveitarstjórnnum væri óhentugur konum með heimili og auk þess lítið borgað fyrir störf í sveitarstjórnnum. Í smærri sveitarfélögum þar sem ekki er kosið eftir listum ná konur yfirleitt ekki kosningu, þó allir íbúar séu í framboði. Hugmynd um að landsbyggðarangar leggðu meiri kraft í sveitarstjórnarmál, koma konum inn. Gæti e.t.v. efti starfið í hinu dreifðu byggðum.

Umræða um hvernig stækkan sveitarfélaga kæmi konum. Nefnt að þátttaka þeirra í sveitarstjórnnum gæti orðið enn erfiðari ef sækja þyrfti fundi lengra. Margar á því að stærri og öflugri sveitarfélög væri hagsmunamál kvenna, þar sem líkur væru á bættri þjónustu í kjölfarið s.s. í heilbrigðis- og menntamálum. Einnig tekin dæmi um að konur

úr litlum sveitarfélögum kæmu ekki börnum á dagheimili, þó að þær stunduðu vinnu í nágrannasveitarfélagi, þar sem pláss væru bundin búsetu í sveitarféluginu. Með stækkun sveitarfélaga yrði slíkum hindrunum eytt og vinnusvæði verkalýðsfélga myndu einnig stækka. Helstu vandamál við sameiningu er mismunandi fjárhagsstaða sveitarfélaga og einnig virðast margir "smákóngar" hræddir um veldi sitt.

Einnig talað um að of stórar einingar væru ekki heppilegar í öllum málum. Kvennalistinn hefði t.d. viljað skipta Reykjavík í skólahverfi, sem hver hefði sína skólanefnd. Sama gæti hentað betur í félagsþjónustu t.d. fleiri barnaverndarnefndir.

5)

Erindi: **Skólamál**

Flytjandi: **Guðrún Jónsdóttir**, Egilsstöðum

Guðrún Jónsdóttir er uppeldis- og kennslufulltrúi á Fræðsluskrifstofu Austurlands. Í erindi hennar var aðallega gengið út frá spurningunni: Er hugsanlegt að skólinn dragi taum ákveðinna menningarþátta umfram aðra ?

Úrdráttur hennar sjálfrar á máli sínu fylgir hér.

Því má bæta við að það kom mörgum á óvart að á Austurlandi þekkist enn að 6 ára börn séu heila viku í einu í heimavist.

6)

Erindi: **Fjarkennsla**

Flytjandi: **Snædís Snæbjörnsdóttir**, Egilsstöðum

Helstu atriðið úr erindinu:

Fjarkennsla á sér alllanga hefð víða um heim t.d. í Skandinavíu, Ástralíu og Bandaríkjum. Open University í Bretlandi líklega þekktasti skólinn með fjarkennslusniði. Hér á landi hefur Bréfaskólinn starfað í 50 ár og eru nemendur hans um 900 á ári.

Skólar með fjarkennslusniði eiga sér samtök sem heita International Council for Distance Education. Samkvæmt skilgreiningu þeirra er fjarkennsla "menntunarleið þar sem nemandi og kennari eru fjarri hvor öðrum í tíma og/eða rúmi, þar sem samskipti þeirra fara að mestu leyti fram á óhefðbundinn hátt".

Í skýrslu Fjarkennslunefndar á vegum Menntamálaráðuneytisins segir að tilgangur fjarkennslu sé "að nemendur geti stundað nám að mestu fjarri skóla, ráðið námshraða og náð jafngóðum árangri og væru þeir í skóla". Fjarkennsla jafnar því aðstöðumun og er að því leyti hægt að tala um hana sem byggðamál. Í ljósi þess að það eru einkum konur sem nýta sér fjarkennslu, a.m.k. í þeirri tilraun sem staðið hefur við Menntaskólann á Egilsstöðum, er hún líka kvennamál.

Fjarkennsla á Íslandi. Búið er að minnast á Bréfaskólann. Frá febrúar 1986 til dagsins í dag hafa starfað 4 fjarkennslunefndir og var sú fjórða skipuð í vor. Þær hafa ekki starfað samfellt. Helstu verkefni sem nefndirnar hafa unnið að eru: Fjarvarp, kennsluréttindanám og fóstrunám, annað starfsnám og endurmenntun í starfsgreinum t.d. með myndbandagerð, og fjarkennsla á framhaldsskólastigi.

Á vorönn 1991 hófst tilraun með fjarkennslu á framhaldsskólastigi við Menntaskólann á Egilsstöðum. Kenndir voru 3 áfangar, enska, þýska og saga. Á vorönn 1992 voru 5 áfangar í boði. Kennslan er með þeim hætti að nemendur fá leiðbeiningar með námsefninu sendar frá kennara og skilaverkefni. Í sumum áföngum hefur verið útbúið sérstakt kennsluefni til fjarkennslu, en í öðrum notaðar sömu kennslubækur og í dagskólanum. Þrisvar á önn hafa nemendur komið í skólann hluta úr degi, þar sem kennarinn fer í atriði sem vefjast helst fyrir nemendum og gefst tóm til að spjalla við þá um framvindu námsins. Auk bréfasamskipta geta nemendur haft samband við kennara sinn í vikulegum símatínum. Í lok annar taka farnemarnir sama próf dagskólanemendur í viðkomandi áfanga. Á síðasta skólaári hefur einnig verið boðið upp á fjarkennslu frá Menntaskólanum á Ísafirði.

Á Austurlandi hafa 70-80% fjarkennslunema verið konur, flestar á aldrinum 20-40 ára. Áhugi á náminu hefur verið mikill og reynslan af því góð. Nemendur hafa kunnað að meta það að geta stundað nám í sinni heimabyggð og fundist styrkur felast í því að geta hitt kennara og aðra nemendur á fundum.

Fjarkennsla á framhaldsskólastigi er dæmi um þróunarstarf í skólamálum sem unnið hefur verið á landsbyggðinni. Byggðamál sem mikilvægt er að standa vel að og styðja, því ekki er sjálfgefið að framhald verði á þessu starfi.